

Nr. 18-178 S 121 Borgar Sig AK 66***Vélavana og dreginn til hafnar***

Skipaskr.nr. 2545
Smíðaður: Plastverk, 2002, trefjaplast
Útgerð: Útgerðarfélagið Upphaf ehf.
Stærð: 13,14 brl. 14,82 bt.
Mesta lengd: 11,67 m *Skráð lengd:* 11,67 m
Breidd: 3,51 m *Dýpt:* 1,54 m
Vél: Cummins 187 kW, 2002
Fjöldi skipverja: 2



Borgar Sig © Skipaskrá

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 24. maí 2019 af Geirbrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 16. september 2018 var Borgar Sig AK 66 á makrílveiðum norður af Helguvík. Veður: NNA 8 m/sek.

Á veiðunum bilaði gír aðalvélar og Mars BA 74 dró bátinn til hafnar í Keflavík.

Við rannsókn kom fram:

- að gat kom á glussaslöngu sem var tengd kælingu fyrir gírinn með þeim afleiðingum að hann bilaði.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.